

Skólaráð Hörðuvallaskóla

8. fundur skólaársins 2017-2018, haldinn 28. maí 2018

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Edda Kjartansdóttir, Þórunn Jónasdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Marta Kristín Sigurjónsdóttir, Linda Hilmarsdóttir, Heiðar Ásberg Atlason.

Fulltrúar starfsmanna: Alma Ernstdóttir, Unnur Helga Óttarsdóttir, Sigríður Einarsdóttir.

Fulltrúi nemenda: Margrét Eva Backman.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Húsnæðismál / lóðamál

Greint frá stöðunni varðandi húsnæðismál og lóðamál. Í Vallakór er niðurstaðan að ein kennslustofa dugar fyrir næsta skólaár og verður hún sett upp við anddyrið í Kórnum. Hins vegar er óljóst til hvaða ráða verður gripið fyrir veturinn 2019-2020 og áfram næstu skólaár og þarf að byrja að vinna að áætlunum varðandi það. Í Baugakór er búið að samþykkja teikningar og kostnaðaráætlun vegna flutnings bókasafns og sú framkvæmd komin í ferli. Á skólalóð er búið að setja upp rólur og skipta um undirlag við leiktæki og framundan framkvæmdir við körfuboltavöll o.fl. í sumar. Skólastjóra falið að boða til fundar sem fyrst með garðyrkjustjóra til að ræða um áframhald framkvæmda við skólalóðina.

2. Næsta skólaár

- Staða ráðningamála. Búið að manna kennarastöður fyrir utan eina. Í auglýsingu eru störf forstöðumanns og aðstoðarforstöðumanns dægradvalar og framundan að hefjast handa við auglýsingu annarra starfa.
- Stundaskrá. Farið yfir skipulag og vinnu við stundaskrá. Litlar breytingar á tímaramma en breytt skipulag á íþrótt /sundkennslu og list/verkgreinakennslu að nokkru leyti.
- Niðurröðun í húsnæði. Skoðuð niðurröðun árganga í hús í Baugakór en þar er stuðst við áætlun sem unnin var sl. vetur.
- Skipulag stjórnunar. Kynntar hugmyndir að skipulagsbreytingum sem miða að því að nýta sem best stjórnunarkvóta skólans, nýta mannauð sem best og virkja leiðtoga í kennarahópnum, auka sveigjanleika, skapa rými fyrir kennsluráðgjöf o.fl. Hugmyndin er að ráða til starfa skrifstofustjóra og kennsluráðgjafa og skipa teymisstjóra í hverjum árgangi /teymi en draga á móti úr stjórnunarhlutfalli deildarstjóra. Fram komu áhyggjur meðal fulltrúa kennara af að með minni deildarstjórastöðum gæti hugsanlega dregið úr aðstoð við kennara vegna hegðunarmála o.þ.h. Hafa þarf það í huga við umræddar breytingar.
- Skipulag stoðþjónustu. Kynntar breytingar á skipulagi stoðþjónustu við skólann frá og með næsta hausti sem fela m.a. í sér breytt form tilvísana og reglulegt mat stoðteyma á hverju stigi á þeim tilvísunum sem fyrir liggja, nýtingu lausnateyma o.fl.
- Áherslur í starfinu. Farið yfir væntanlegar helstu áherslur í starfi næsta vetrar en þar má nefna aukna innleiðingu teymiskennslu, leiðsagnarmat, núvitund og bekkjafundi.

3. Ytra mat – staða mála / umbótaáætlun

Stjórnendur hafa verið að vinna að endurskoðun umbótaáætlunar, sú vinna stendur yfir og verður nánar kynnt síðar.

4. Niðurstöður kannana

Kynntar stuttlega niðurstöður starfsmannakönnunar Skólapúlsins og nemendakönnunar fyrir 1.-5. bekk.